


Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2007



Efnisyfirlit

Ávarp rektors	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands	4
Auðlindadeild	5
Umhverfiseild	6
Starfs- og endurmenntunardeild	7
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2007	8
Rannsóknasvið	9
Rekstrar- og þjónustusvið	11
Fjármál	12
Útgáfa	12
Ritaskrá starfsmanna	13
Starfsmenn	23
Brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands 1. júní 2007	26

Ávarp rektors

Þriðja starfsár Landbúnaðarháskóla Íslands var árangursríkt og einkenndist af uppbyggingarstarfi og ferskum vindum. Gríðarlega mikilvæg skref voru stigin á árinu þegar LbhÍ sendi inn umsóknir sínar um viðurkenningu fræðasviða náttúruvísinda og bú- og auðlindavísinda. Viðurkenningarferlið stóð yfir mestan part ársins, fyrst með undirbúningi umsókna á útmánuðum síðan með heimsóknum erlendra sérfræðinganefnda vor og haust. Viðurkenning okkur til handa á fræðasviði náttúruvísinda var síðan afhent úr höndum ráðherra mennta- og landbúnaðarmála við hátíðlega athöfn á Listasafni Íslands í byrjun september. Í lok ársins ákvað háskólaráð LbhÍ að ýta úr vör stefnumótunarvinnu fyrir LbhÍ til árana 2009-13.

Rannsóknastarfið var kraftmikið á árinu og ágætlega gekk að sækja rannsóknastyrki. Vísindafólk LbhÍ sótti meðal annars í nýjan umhverfis- og orkusjóð Orkuveitu Reykjavíkur með góðum árangri. Þá má nefna að LbhÍ fékk úthlutað myndarlegum styrk úr tækjasjóði Rannís til að efla tækjakost stofnunarinnar til rannsókna. Einnig má nefna að gengið var frá samningi við Matís um kaup á rannsóknum líkt og lagt hafði verið upp með þegar sú stofnun varð til úr m.a. Matra á Keldnaholti. Þá var lokið við stefnumörkun í garðyrkjurannsóknum til næstu ára og tæknisetri Arkea ehf. komið á fót á Reykjum.

Mjög góð aðsókn var í nám við LbhÍ á árinu í flestar brautir en farið var af stað með nýja braut á sviði hestafræði í samvinnu við Háskólann á Hólum. Undirritaður var sérstakur rammasamningur milli Háskólans á Hólum og LbhÍ og að auki sérstakur samningur um sameiginlega námsgráðu í hestafræðum til bakkalár gráðu (BS). Meistaraneimum fjölgaði ört á árinu og voru um 30 í árslok auk þess sem 3 nýir doktorsnemar innrituðust. Doktorsnemar eru því 4 skráðir hjá LbhÍ, allir á sviði búfjárfærifræði. Endurmenntunardeildin starfaði ötullega á árinu og má nefna að samningur um verkefnið grænni skóga var endurnýjaður á árinu en Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins koma að þessu spennandi verkefni með okkur.

Brautskráning nemenda fór fram við hátíðlega athöfn í Reykholtskirkju 1. júní.

Ársfundur LbhÍ var haldinn í Varmahlíð í Skagafirði í marsmánuði og tókst með ágætum. Meginþema fundarins að þessu sinni var ræktun korns og hrossa en hvoru tveggja er mikilvægt í atvinnulífi á þessum slóðum.

Gengið var frá samningum við ýmis félög, samtök og stofnanir um námskeiðahald og samvinnu, sérstaklega mætti nefna Skógrækt ríkisins en einnig ýmis samtök hestamanna. Þá var gegnið frá samstarfssamningum við háskólana í Purdue á Ítalíu og ríkisháskólann í Ohio í Bandaríkjunum (OSU). Mikil samskipti urðu þegar milli LbhÍ og OSU og var bæði um gagnkvæmar heimsóknir að ræða auk þess sem stór hópur nemenda frá OSU kom í námsferð ásamt prófessorum til Íslands snemmsumars. Væntum við mikils af þessu samstarfi enda mörg svið OSU firnasterk s.s. votlendisfræðin.

Stórtíðindi urðu í sögu LbhÍ á árinu þegar ritað var undir samstarfssamning við utanríkisráðuneytið um þróunarverkefni um Landgræðsluskóla fyrir sérfræðinga frá þróunarlöndum þar sem landeyðing er alvarlegt vandamál. Verkefni þetta er unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Um er að ræða þriggja ára verkefni 2007-2009 sem síðan vonir standa til að geti þróast yfir í Landgræðsluskóla Háskóla sameinuðu þjóðanna (UNU). Til að fylgja þessu verkefni eftir fengum við í heimsókn í aprílmánuði úttekta nefnd frá Háskóla sameinuðu þjóðanna sem kynnti sér starfsemi LbhÍ. Fyrstu nemendur skólans dvöldu hér við nám um 2 mánaða skeið sl. haust.

Sjálfseignarstofnun um Landbúnaðarsafn Íslands var hleypt af stokkunum á árinu en stofnendur eru auk LbhÍ, Bændasamtök Íslands og Borgarbyggð. Þá má geta þess að Menntaskóli Borgarfjarðar var settur í fyrsta sinni á sl. hausti en það er mikilvægt skref fyrir búsetu á svæðinu og mikið hagsmunamál fyrir Háskólaþorpið á Hvanneyri.

Framkvæmdir við breytingar og viðhald fasteigna LbhÍ héldu áfram skv. áætlun á árinu. Í upphafi árs var aukið við samninga milli LbhÍ og Fasteigna ríkisins og eru nú allar helstu byggingar skólans á Keldnaholti og Hvanneyri hluti af samningi þessum. Ný móttaka LbhÍ og vinnuaðstaða í Ásgarði var vígð í marsbyrjun þegar afgreiðsla var flutt þangað úr gamla skólastjórahúsinu, rekstrarskrifstofan fylgdi síðan í kjölfarið í júnímánuði. Þetta voru allnokkur tímamót enda hafa skrifstofur skólans á Hvanneyri verið í Skólastjórahúsinu allar götur frá því að það var byggt árið 1920. Með samningi við Fasteignir ríkisins eru viðhaldsmál komin í allt annan og betri farveg en áður var og sem dæmi um viðsnúninginn má nefna að öll gömlu húsin á torfunni á Hvanneyri voru máluð að utan sl. vor, hátt og lágt. Þá má nefna framkvæmdir á vegum búrekstrarsviðs við ræktun og eflingu búrekstrar m.a. samninga við vélainnflytjendur um kennsluvélar og innleiðingar nýjustu tækni við bústörf almennt. Þá tókust samningar milli LbhÍ og Bændasamtaka Íslands um byggingu nýrrar kynbótastöðvar í nautgriparékt sem rísa mun á jörð LbhÍ að Hesti í Borgarfirði. Þá urðu á árinu ákveðin þáttaskil í umhverfismálum á Hvanneyri með ráðningu sérstaks garðyrkjustjóra auk þess sem mjög spennandi verkefni fór af stað í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur sem hyggst reisa háþróað fráveitukerfi á Hvanneyri. Eins er gaman að nefna að LbhÍ tók í gagnið til prufu umhverfisvæna bíla sem ganga fyrir metangasi og er ætlunin að nýta þessa farkosti í ferðir Reykir-Keldnaholt-Hvanneyri. Á árinu var hafist handa við lagfæringar á aðstöðu okkar á Keldnaholti bæði endurbætur á húsum og endurskipulagningu til bættrar nýtingar. Á Reykjum var ráðist í nauðsynlegt viðhald á borholum og heitavatnslögnum.

Þær breytingar urðu á árinu að sprotafyrirtækið ORF líftækni flutti starfsemi sína á nýjan stað enda hefur fyrirtækinu nú vaxið fiskur um hrygg og þarf á rúmbetri aðstöðu að halda. ORFið er fætt og uppalið á Keldnaholtinu og er án efa eitt mest spennandi nýsköpunarfyrirtæki landsins og miklar vonir bundnar við það. Þá má geta þess að samningar tókust um að Landgræðsla ríkisins flytti á árinu Reykjavíkurstur sitt til okkar á Keldnaholt og er mikil ánægja með þá ráðstöfun.

Ágúst Sigurðsson

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Ágúst Sigurðsson, rektor landbúnaðarháskóla Íslands.

Ari Teitsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Brynhildur Einarsdóttir, tilnefndur af menntamálaráðherra. Varamaður hans er **Ari Eggertsson**.

Emma Eypórsdóttir, tilnefnd af starfsmönnum LbhÍ. Varamaður hennar er **Auður Sveinsdóttir**.

Haraldur Benediktsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Hákon Sigurgrímsson, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Varamaður hans er **Þorsteinn Tómasson**.

Jón Torfi Jónasson, tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands. Varamaður hans er **Rögnvaldur Ólafsson**.

Stefán Kalmansson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.

Vignir Siggeirsson, formaður nemendafélags LbhÍ, tilnefndur af stúdentaráði. Varamaður hans er **Brynja Dögg Ingólfssdóttir**.

Auðlindadeild

Íslenskur landbúnaður býr við talsverða sérstöðu sem nauðsynlegt er að taka mið af þegar horft er til framtíðar. Ísland er eyja langt í burtu frá öðrum löndum. Landbúnaður gegnir því sérstöku hlutverki í hagvörnum landsins auk þess sem flutningur á búvörum um langan veg leiðir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Landrými er mikið og umhverfisálag vegna landbúnaðar er því miklu minna en í þéttbýlli löndum Evrópu. Vegna áhrifa gróðurhúsalofttegunda er gert ráð fyrir hlýnandi loftslagi á næstu áratugum og breytingum á úrkomumagni og dreifingu úrkomunnar yfir árið. Verði þessar breytingar að veruleika munu þær hafa áhrif á vaxtarskilyrði nytjaplantna, illgresi og sjúkdómsálag og í víðara samhengi á samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar. Þetta þarf því að hafa í huga við stefnumótun og rannsóknir í landbúnaði.

Unnin var greining á rannsóknasviðum auðlindadeildar og mörkuð stefna fyrir rannsóknir árin 2007-2011. Í jarðrækt og búfjárrækt voru skilgreind fimm megináherslusvið sem eru sjálfbær nýting erfðaauðlinda, hringrás næringarefna í búskap, fóðuröflun og fjölbreytt framleiðslu-kerfi, heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir og fjölbreytni í ræktun. Einnig var unnin sérstök stefnumörkun í garðyrkjurannsóknum í góðu samstarfi við alla hagsmunaaðila á sviðinu. Þar voru eftirfarandi svið undir: ylrækt (grænmeti og blóm), útiræktun grænmetis, framleiðsla garð- og skógarplantna, ræktun og notkun gróðurs til útivistar, og hagfræði og markaðssetning í garðyrkju. Rannsóknastarfið fylgir þessari stefnumörkun eftir og á árinu var unnið að fjölmörkum verkefnum sem snerta nánast öll megin áherslusviðin. Fyrirferðarmikil voru verkefni sem tengjast rannsóknum á vanhöldum lamba og ungfálfa og einnig var unnið að rannsóknum á fóðrun mjólkurkúa til hámarksafurða, auk rannsókna í tengslum við erfðabreytni og eiginleika íslenskra búfjarkynja. Á sviði jarðræktar voru kynbætur og rannsóknir á ræktun korns umfangsmiklar að vanda og einnig má nefna rannsóknir á ræktun og niturbúskap belgjurta. Rannsóknir í garðyrkju hafa átt nokkuð undir högg að sækja síðustu tvö árin en það horfir vonandi til bóta með nýrri stefnumörkun. Þó má nefna að á árinu hófst nýtt verkefni, Yndisgróður, í góðu samstarfi við Félag garðplöntuframleiðenda og fleiri aðila.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Námsbraut í hestafræðum tók til starfa haustið 2007 og er sameiginlegt verkefni LbhÍ og Háskólans á Hólum þar sem nemendur stunda nám á báðum stöðum og útskrifast með sameiginlega gráðu frá báðum skólunum. Framhaldsnám í búvísindum er vaxandi við deildina og nú stunda 13 nemendur rannsóknatengt meistaranám á ýmsum sviðum búvísinda. Rannsóknánám til doktorsgráðu hefur einnig vaxið fiskur um hrygg og tveir nýir doktorsnemar hófu nám á árinu. Eru doktorsnemar því orðnir þrír við deildina og eru þeir allir á svið erfðafræði búfjár.

Áslaug Helgadóttir

Umhverfisdeild

Umhverfisdeild gegnir margháttuðu hlutverki á sviði umhverfismála á Íslandi. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda landsins er meðal helstu markmiða deildarinnar. Kennt er við þrjár brautir innan deildarinnar: umhverfisskipulag sem Auður Sveinsdóttir veitir forstöðu, náttúru og umhverfi sem Anna Guðrún Þórhallsdóttir stýrir og skógfræði og landgræðslubraut sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stjórnar. Umhverfisdeild sótti um viðurkenningu menntamálaráðuneytis á fræðasviði náttúruvísinda og hlaut hana. Nemendum fjölgaði enn við deildina og sem fyrr er umhverfisskipulagið með flesta nemendur, en nemendum á sviði náttúru- og umhverfisfræða fjölgaði einnig verulega. Nám í umhverfisskipulagi var styrkt með ráðningu Ragnars Frank Kristjánssonar, lektors. BS námi í skógfræði og landgræðslu óx fiskur um hrygg og voru fyrstu BS nemar brautarinnar útskrifaðir á árinu. Fyrsti MS nemi umhverfisdeildar var ennfremur útskrifaður (Þórunn Pétursdóttir, MS í landgræðslu). Starfsmenn deildarinnar voru að meðaltali 28 talsins auk nema í rannsóknarstörfum.

Á árinu voru haldnir tveir deildarfundir auk vinnufunda á vegum deildar og funda í deildarráði. Berglind Orradóttir tók sæti Sigmars Metúsalemssonar í deildarráði. Starfsmenn deildarinnar tóku virkan þátt í mótun og uppbyggingu Landgræðsluskóla, sem tók til starfa á árinu undir stjórn Ingibjargar Svölu Jónsdóttur, en verkefnið er unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og utanríkisráðuneytið.

Á undanförunum árum hefur umhverfisdeild lagt mikla áherslu á rannsóknir á kolefnisbúskap og flæði gróðurhúsalofttegunda. Á árinu var þessi vinna fest í sessi með sérstakri fjárveitingu til sérstaks verkefnis til að halda utan um kolefnisbókhald og rannsaka kolefnisjöfnuð landsins (LULUCf verkefni- Jón Guðmundsson verkefnisstjóri). Þá hlutu nokkur verkefni styrk úr Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur, svo sem til notkunar svarðlags við uppgræðslu (Ása L. Aradóttir o.fl.), NÁL verkefnisins sem miðar að nýtingu á lífrænum úrgangi (Jón Guðmundsson o.fl.) og Skógvatn (Bjarni Diðrik Sigurðsson o.fl.) sem er viðamikilið verkefni sem er unnið í samstarfi við Veiðimálastofnun, Háskóla Íslands, MATÍS, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Samstarf við Landsvirkjun óx á árinu um margvíslegar rannsóknir er tengjast virkjunum og umhverfismálum. Verkefnið Nytjaland færðist nær lokum, en hefur tafist síðan vegna þess að lykilstarfsmenn verkefnisins hurfu til annarra starfa, en það hefur einmitt einkennt starf LbhÍ á þessu sviði að þjálfa fólk sem starfar síðan áfram á öðrum vettvangi. Fanney Ósk Gísladóttir tók við verkefnisstjórn upplýsingatækni og landupplýsingagrunna, en við LbhÍ er að finna marga af mikilvægustu landupplýsingagrunnum landsins, m.a. Nytjaland, jarðvegskort af Íslandi, jarðvegsrof á Íslandi o. fl. sem notað er af margvíslegum notendum vítt um samfélagið.

Alþjóðleg samskipti voru fjölbreytileg að venju, m.a. komu nemendur frá Ohio State University til 10 daga dvalar á Íslandi á vegum LbhÍ. Þá var LbhÍ virkt með öðrum NOVA skólum að koma á fót norrænu netverki um framhaldsnám í jarðvegsfræði (SoilSoc) með þátttöku starfsmanna og nemenda.

Ólafur Arnalds

Starfs- og endurmenntunardeild

Starfsmenntadeild

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrudgarðyrkju og ylraekt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2007 stundaði alls 131 nemandi nám á starfsmenntabrautum LbhÍ. Í garðyrkju (í staðar- eða fjarnámi) voru 42 nemendur og 84 í búfræði. Í annarlök voru 8 nemendur brautskráðir úr búfræði. Engar útskriftir eru frá Reykjum á oddatöluárum.

Endurmenntun LbhÍ

Endurmenntun LbhÍ hélt alls 63 námskeið árið 2007 með 768 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin víða um land og í samstarfi við alla helstu fagaðila sem tengjast fagsviðum LbhÍ með einum eða öðrum hætti. Námskeiðaröðin Grænni skógar var á miklu flugi og alls voru 149 þátttakendur á þeim námskeiðum, um allt land. Björgvin Örn Eggertsson, skógfræðingur, var ráðinn inn sem verkefnisstjóri Grænni skóga og Ásdís Helga Bjarnadóttir kom til liðs við endurmenntunina með formlegum hætti.

Auk þessa var áhersla á sérhæfð fagnámskeið fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og fagnefndir skólans hafa komið með góðar hugmyndir að námskeiðum sem skólinn getur haldið.

Heilt yfir gekk starfsemi endurmenntunarinnar mjög vel á árinu. Starfsmenn endurmenntunar urðu 3 á árinu og heildarársvelta var um 23 milljónir sem er aukning frá fyrra ári.

Guðríður Helgadóttir

Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2007

Starfsmenntanám á framhaldsskólastigi	Einar Guðmundur Þorláksson	Búfræði
	Guðrún Steinþórsdóttir	Búfræði
	Hildur Sigurgrímsdóttir	Búfræði
	Svala Skúladóttir	Búfræði
	Vagn Kristjánsson	Búfræði
	Ásrún Árnadóttir	Búfræði - fjarnám
	Guðlaug Björk Guðlaugsdóttir	Búfræði - fjarnám
	Elfa Björk Vigfúsdóttir	Garð- og skógarplöntubraut
	Sigþóra Oddsdóttir	Garð- og skógarplöntubraut
	Njáll Ómar Pálsson	Skrúðgarðyrkjubraut

Háskólanám	Ásmundur Einar Daðason	BS	Búvísindi
	Berglind Ásgeirsdóttir	BS	Búvísindi
	Guðfinna Harpa Árnadóttir	BS	Búvísindi
	Helga María Hafþórsdóttir	BS	Búvísindi
	Hrafnhildur Baldursdóttir	BS	Búvísindi
	Margrét Ósk Ingjaldsdóttir	BS	Búvísindi
	Ragnar Finnur Sigurðsson	BS	Búvísindi
	Svanhildur Ósk Ketilsdóttir	BS	Búvísindi
	Andrea Rugeberg	MS	Búvísindi
	Óðinn Gíslason	MS	Búvísindi
	Sigurður Þór Guðmundsson	MS	Búvísindi
	Unnsteinn Snorri Snorrason	MS	Búvísindi
	Þórunn Pétursdóttir	MS	Landgræðslufræði
	Sunna Áskelsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Benjamín Örn Davíðsson	BS	Skógfræði
	Rakel Jakobína Jónsdóttir	BS	Skógfræði
	Valdimar Reynisson	BS	Skógfræði
	Anna Sif Ingimarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Arna Dögg Arnardóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Bragi Bergsson	BS	Umhverfisskipulag
	Dýrleif Björk Pálsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Halldóra Guðbjörg Sigtryggisdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Heiða Hrund Jack	BS	Umhverfisskipulag
	Helgi Einarsson	BS	Umhverfisskipulag
	Hildur Arna Gunnarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Lilja Filippusdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	María Guðbjörg Jóhannsdóttir	BS	Umhverfisskipulag

Rannsóknasvið

Starfsmenn háskóladeildanna tveggja, auðlindaeildar og umhverfisdeildar, stunda umfangsmiklar rannsóknir og viðfangsefnin eru fjölbreytt. Hér fer listi yfir helstu verkefni sem unnið var að árið 2007. Nánari upplýsingar um þau má fá með því að hafa samband við viðkomandi verkefnisstjóra, netföng þeirra fylgja með verkefnum.

Erfðafjölbreytileiki í hvítmára
Níturbúskapur hvítmáratúna
Vallarfoxgras, norrænar erfðaauðlindir
aslaug@lbhi.is

Building bridges
asdish@lbhi.is

Verkun heys hjá bændum
bjarnig@lbhi.is

Eiginleikar mjólkur
Fitusýrur í lambakjöti
Mjólkurprótein í geitamjólk
bragi@lbhi.is

Blendingsrækt í sauðfé
Erfðagallar í sauðfé
Erfðamörk í sauðfé
Erfðastuðlar kjöteiginleika
Haustbötun og innifóðrun
Sumararbeit sauðfjár
Sýrustig í lambakjöti
Vanhöld lamba
emma@lbhi.is

Fóðrun og heilsa mjólkurkúa
Heilfóðrun til hámarksafurða
Mjaltatækni og júgurheilbrigði
Snefilefni í fódri
Tækni við mjólkurfóðrun kálfa
Uppeldi kálfa og tréni í kjarnfóðri
ghh@lbhi.is

Fóðuröflun sauðfjárúa
Geldstöðufóðrun mjólkurkúa
Norfor – norrænt fóðurmatskerfi
jois@lbhi.is

Bygging móajarðvegs
Holmgeir@lbhi.is

Golfflatargrös
Langtímaáhrif áburðar og
áburðarleiðbeiningar
Litir í hrossum
Yrkjaprófanir grasa
gudni@lbhi.is

Stofnrækt kartafna
halldors@lbhi.is

Kornrækt og kornkynbætur
Forsoðnar kartöflur – samanburður yrkja
jonatan@lbhi.is

Erfðabreytileiki í íslenska kúastofninum
Erfðabreytileiki íslenska geitastofnsins
Tæknikorn – byggkynbætur með aðstoð
erfðamarka

Uppruni íslenska hestsins
jonhal@lbhi.is

EuroFIR – Matarhefðir
Selenhagur íslenskra kvenna
laufey@lbhi.is

Orsakir kálfadauða
magnus@lbhi.is

Næringarefnahringrás við ræktun í íslenski
eldfjallajörð
rannveig@lbhi.is

Yndisgróður
samson@lbhi.is

Framleiðslukerfi með fóðurbelgjurtum
Hollefni í beitargróðri
sd@lbhi.is

Áhrif gólfhita á húsvist hrossa
Burðarvaki
Legusvæði fyrir kálfa og kvígur
snorri@lbhi.is

Bygging íslenskra hrossa
Kynbótamat búfjár
Samræmt kynbótamat í
keppniseiginleikum íslenska hestsins
thorvaldura@lbhi.is

Skyldleikarækt í íslenska kúastofninum
thorvaldurk@lbhi.is

Áhrif grasræktar á C og N í jarðvegi
thorsteinng@lbhi.is

Beit á hvítmára
Lifun rótarhnyða
Svepprot og niturbinding
thorey@lbhi.is

Dreifingatími mykju
Niðurfelling mykju – ídreifing
Ræktunarkerfi hjá bændum – Sprotabú
thorodd@lbhi.is

Umhverfiseild

Beit hrossa;

- í nýskógrækt

- beitaratferli

Félagsatferli hrossa

Húsvist hrossa

Skiptibeit hrossa og sauðfjár

Tengsl landnýtingar og gróðurfars

(annagudrun@lbhi.is)

Hellisheiði

Heklusógar

Notkun svarðlags við uppgræðslu námusvæða

(asa@lbhi.is)

Vistland - Þróun vistkerfa við landgræðslu

(bergvind@lbhi.is)

Áhrif grisjunar og áburðargjafar á

kolefnisbindingu ungsjóga

Skógvist - Áhrif skógræktar á umhverfið

Skógvatn

Vistfræðileg þjónusta skógræktar

Bætt mat á lífmassa í skógum

Áhrif loftslagsbreytinga á vinnslu líforku úr

skógum

SNS-lotulengd í skógrækt

CAR-ES

(bjarni@lbhi.is)

Skógarkerfill

(beg@lbhi.is)

Svepprót

(eva@lbhi.is)

Lónagas - losun gróðurhúsalofttegunda úr

uppistöðulónum

Litla Skarð – umhverfisvöktun

Veglagning og votlendi

Egilsstaðatún

Öndvegissetur

(hlynur@lbhi.is)

Sinubruni á Mýrum

(jarngerdur@lbhi.is)

Bindibókhald IPCC - skráning vegna

rammasamnings SÞ um loftslagsmál

LUGAS - losun N₂O og annarra

gróðurhúsalofttegunda úr lífrænum jarðvegi

LULUCF landnýtingargrunnur

Skurðaþekja

Nýting á lífrænum úrgangi

(jong@lbhi.is)

Ræktun á röskuðum svæðum

Frærækt innlendra landbótaplantna

(nomni@lbhi.is)

Hálslón - Rof og gróðurstyrking

Nytjaland - Jarðabók Íslands

Ýmir - íslenskur jarðvegur

(oa@lbhi.is)

Rannsóknir í klausturgörðum á Íslandi í

tengslum við Skriðuklaustur

Tré og runnar í borgarumhverfi

Varðveisla ávaxta- og berjastofna í Kristnesi

(samson@lbhi.is)

Stad og land

(sigrídur@lbhi.is)

Skógaþlöntuuppeldi

Hagnýting sveppróta

(ulfur@lbhi.is)

Rekstrar- og þjónustusvið

Bókasafnið rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Starfsmenn bókasafns eru tveir.

Kennsluskrifstofa sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrágerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, próftöflugerð, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina, vottorða o.fl.

Tölvuþjónusta annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Fjórir starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

Búrekstur skólans samanstendur af blönduðu kúa- og fjárbúi á Hvanneyri og Hesti annars vegar og kúabúi á Möðruvöllum hins vegar. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina og hornsteinn íslenskra landbúnaðarvísinda.

Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðrækta- og umhverfisrannsókna ásamt orkuvísindum.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbætur og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* er tilraunafjós, fræ- og kalrannsóknastofa ásamt aðstöðu til jarðræktarrannsókna.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fóðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna

Á *Korpu við Blikastaðaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilraunareita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

Efnagreiningastofur eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti. Þáttur í starfsemi rannsókna-stofanna er þjónusta við bændur vegna heysýna og jarðvegssýna en þær eru einnig í stöðugri notkun vegna verkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsa-lofttegundum.

Fjármál

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni.

	Reikningur 2007	Reikningur 2006
Tekjur		
Sértekjur	297.995	256.534
Aðrar rekstrartekjur	23.373	31.945
Tekjur samtals	321.368	288.479
Gjöld		
Almennur rekstur	1.050.133	903.772
Gjöld samtals	1.050.133	903.772
Tekjur umfram gjöld	-728.765	-615.293
Framlag úr ríkissjóði	671.259	574.946
Hagnaður/tap ársins	-57.506	-40.347

Útgáfa

Rit LbhÍ nr. 15. Samanburður á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu með íslenskum kúm og fjórum erlendum kúakynjum – niðurstöður starfshóps. Daði Már Kristófersson, Emma Eyþórsdóttir, Grétar Hrafn Harðarson og Magnús B. Jónsson, 2007, 58 bls.

Rit LbhÍ nr. 14. Íslensk búfjárrækt. Málstofa til heiðurs Hjalta Gestssyni níraðum. Hótel Sögu, Reykjavík, 17. nóvember 2006. Ritstjóri: Ólafur R. Dýrmundsson, 2007, 108 bls.

Rit LbhÍ nr. 13. Framleiðsla lífmassa á Suðurlandi og Norðausturlandi - skýrslur til Íslenska lífmassafélagsins. Ritstjóri: Hólmgeir Björnsson, 2007, 18 bls.

Rit LbhÍ nr. 12. Jarðrækt 2006. Ritstjóri: Þórdís Anna Kristjánsdóttir, 2007, 46 bls.

Að auki gefur Landbúnaðarháskóli Íslands út **Icelandic Agricultural Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir.

Ritaskrá starfsmanna

Alþjóðleg ritrýnd fræðirit

Aradóttir, Á.L., K. Svavarsdóttir and A. Bau 2007. Clonal variability of native willows (*Salix pylicifolia* and *Salix lanata*) in Iceland and implications for use in restoration. *Icelandic Agricultural Sciences* 20, 61-72.

L. Kirwan, A. Lüscher, M.T. Sebastia, J.A. Finn, R.P. Collins, C. Porqueddu, **Áslaug Helgadóttir**, O.A. Baadshaug, C. Brophy, C. Coran, **Sigríður Dalmannsdóttir**, I. Delgado, A. Elgersma, M. Fothergill, B.E. Frankow-Lindberg, P. Golinski, P. Grieu, A.M. Gustavsson, M. Höglind, O. Huguenin-Elie, C. Iliadis, M. Jørgensen, Z. Kadziulienė, T. Karyotis, T. Lunnan, M. Malengier, S. Maltoni, V. Meyer, D. Nyfeler, P. Nykänen-Kurki, J. Parente, H.J. Smit, U. Thumm and J. Connolly 2007. Evenness drives consistent diversity effects in intensive grassland systems across 28 European sites. *Journal of Ecology* 95(3), 530-539.

Riitta Hyvönen, Göran I. Ågren, Sune Linder, Tryggve Persson, M. Francesca Cotrufo, Alf Ekblad, Michael Freeman, Achim Grelle, Ivan A. Janssens, Paul G. Jarvis, Seppo Kellomäki, Anders Lindroth, Denis Loustau, Tomas Lundmark, Richard J. Norby, Ram Oren, Kim Pilegaard, Michael G. Ryan, **Bjarni D. Sigurðsson**, Monika Strömberg, Marcel van Oijen and Göran Wallin 2007. Tansley review. The likely impact of elevated [CO₂], nitrogen deposition, increased temperature and management on carbon sequestration in temperate and boreal forest ecosystems. *New Phytologist*, 173(3), 463–480.

Brynhildur Bjarnadóttir, **Bjarni D. Sigurðsson** and Anders Lindroth 2007. Estimate of annual carbon balance of a young Siberian larch (*Larix sibirica*) plantation in Iceland. *Tellus B* 59 (5), 891–899.

Katri Kostianen, Seija Kaakinen, Pekka Saranpää, **Bjarni D. Sigurðsson**, Sven-Olof Lundqvist, Sune Linder and Elina Vapaavuori 2007. Stem wood properties of mature Norway spruce after three years of continuous exposure to elevated carbon dioxide and temperature. *Global Change Biology* (Accepted).

Hörður V. Haraldsson, Harald U. Sverdrup, Salim Belyazid, **Bjarni D. Sigurðsson**, Guðmundur Halldórsson 2007. The Systems Analysis and System Dynamic process preparing for assessment of effects of afforestation in Iceland. *Icelandic Agricultural Sciences*, 20, 125-135.

Elsa Albertsdóttir, S. Eriksson, A. Näsholm, E. Strandberg and **Þorvaldur Árnason** 2007. Genetic correlations between competition traits and traits scored at breeding field-tests in Icelandic horses. *Livest. Sci.* (2007), doi: 10.1016/j.livsci.2007.04.022.

Guðni Þorvaldsson, G.F. Tremblay, H.T. Kunelius 2007. The effects of growth temperature on digestibility and fibre concentration of seven temperate grass species. *Acta. Agric. Scand. Section B, Soil and Plant Science*, vol. 57(4), 322-328.

Gunnfríður E. Hreidarsdóttir, S. Cirera and M. Fredholm 2007) Characterization of the Porcine Carboxypeptidase E cDNA: Comparative Analysis and Investigation of a Non-Synonymous SNP. *Animal Biotechnology*. 18, 61-64.

Hafdís Hanna Ægisdóttir, B. Koller, P. Kuss and J. Stöcklin 2007. Development and characterization of microsatellite DNA markers for the Alpine plant species *Campanula thyrsoidea*. *Molecular Ecology Notes* 7, 996-997.

Kuss P., **Hafþís Hanna Ægisdóttir** and J. Stöcklin 2007. The biological flora of Central Europe: *Campanula thyrsoides*. *Perspectives in Plant Ecology, Evolution and Systematics* 9, 37-51.

Hafþís Hanna Ægisdóttir, D. Jespersen, P. Kuss and J. Stöcklin 2007. No Inbreeding depression in an outcrossing alpine species: the breeding system of *Campanula thyrsoides*. *Flora* 202, 218-225.

Van der Wal, R., S. Sjögersten, S.J. Woodin, E.J. Cooper, **Ingibjörg Svala Jónsdóttir**, D. Kuijper, A.D. Fox and A.D. Huiskes 2007. Spring feeding by pink-footed geese reduce carbon stocks and sink strength in tundra ecosystems. *Global Change Biology*, 13, 539-545.

Jóhannes Sveinbjörnsson, M. Murphy and P. Udén 2007. In vitro evaluation of starch degradation from feeds with or without heat-treatments. *Animal Feed Science and Technology*, 132, 171-185.

Jón H. Hallsson, B.S. Hafliðadóttir, A. Schepsky, Heinz Arnheiter and E. Steingrímsson. Evolutionary sequence comparison of the *Mitf* gene reveals novel conserved domains. *Pigment Cell Research*. June '07.

Anna R. Magnúsdóttir, **Laufey Steingrímisdóttir**, Hólmfríður Þorgeirsdóttir, Arnar Hauksson og Guðrún V. Skúladóttir 2007. Tengsl ómega-3 fitusýra í rauðum blóðkornum á fyrri hluta meðgöngu og hlutfalls fylgju- og fæðingarþyngdar. *Læknablaðið* 93, Fylgirit 53, bls 33.

Ólafsdóttir A.S., H. Þorgeirsdóttir and **Laufey Steingrímisdóttir** 2007. Food choices and characteristics of normal weight women discontent with their body weight. *Int J Obes* 31, S203-S203.

Ólafur Arnalds, F. Bartoli, P. Buurman, E. Garcia Rodeja, H. Oskarsson and G. Stoops (eds) 2007. *Soils of Volcanic Regions in Europe*. Springer, 644 p.

Ólafur Arnalds, F. Bartoli, P. Buurman, E. Garcia-Rodeja, J. Hernandez-Moreno, H. Oskarsson, J. Pinheiro, P. Quantin, G. Stoops, F. Terribile, and F. van Oort. o.fl. (eds). Preface. In: *Soils of Volcanic Regions in Europe*. Springer Verlag, Heidelberg/New York. Pp v-vii.

Ólafur Arnalds 2007. Introduction to Section I. European Volcanic Soil Resources. In: *Soils of Volcanic Regions in Europe*. Ólafur Arnalds, F. Bartoli, P. Buurman, Hlynur Óskarsson, Georges Stoops, Eduardo García Rodeja (eds). Springer Verlag, Heidelberg/New York. Pp 1-4.

Ólafur Arnalds and **Hlynur Óskarsson** 2007. Icelandic Volcanic Soil Resources. In: *Soils of Volcanic Regions in Europe*. Ólafur Arnalds, F. Bartoli, P. Buurman, Hlynur Óskarsson, Georges Stoops, Eduardo García Rodeja (eds). Pp 43-50.

Gunnar Ólafsson, Ágúst H. Bjarnason, **Rannveig Guicharnaud** and Graeme I. Paton 2007. *Frumrannsókn á gróðurskemmdun við háspennumöstur á Suðvesturlandi*. Línuhönnun.

Porkell Jóhannesson, **Tryggvi Eiríksson**, Kristín Björg Guðmundsdóttir and Jakob Kristinsson 2007. Overview: Seven trace elements in Icelandic forage. Their value in animal health and with special relation to scrapie. *Icelandic Agricultural Sciences* 20, 3-24.

Pórey Gylfadóttir, Áslaug Helgadóttir and Henning Høgh Jensen 2007. Consequences of including adapted white clover in northern European grassland: transfer and deposition of nitrogen. *Plant and Soil*, 297(1-2), 93-104.

Kaflar í ráðstefnuritum, bókarkaflar, fræðilegar skýrslur

Jón Örvar Jónsson Geirsson og **Anna Guðrún Þórhallsdóttir** 2007. Sjálfbærnisáttir fyrir lítil samfélög. Hvanneyri sjálfbært samfélag? *Fræðing landbúnaðarins 4*, 553-558.

Ása L. Aradóttir, Hersir Gíslason, Skúli Guðbjarnarson, Kristín Svavarsdóttir og Hafdís Eygló Jónsdóttir 2007. Notkun svarðlags við uppgræðslu námusvæða. *Fræðing landbúnaðarins 4*, 544-548.

Ása L. Aradóttir, Bjarni Diðrik Sigurðsson, Þróstur Eysteinnsson, Skúli Björnsson, Jón Geir Pétursson, Borgþór Magnússon, Trausti Baldursson og Danfríður Skarphéðinsdóttir 2007. *Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*. Skýrsla og tillögur nefndar. Umhverfisráðuneytið, mars 2007, 18 bls.

Anna María Ágústsdóttir, **Ása L. Aradóttir** og Bjarni Maronsson 2007. Uppgræðsla flagmóa í Skagafirði. *Fræðing landbúnaðarins 4*, 301-307.

Aradóttir, Asa L. 2007. Restoration of birch and willow woodland on eroded areas. In: Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development. *Proceeding of the AFFORNORD conference, Reykholt, Iceland, June 18-33, 2005*. G. Halldorsson, E.S. Oddsdóttir and O. Eggertsson (eds). Tema Nord 2007, 508, pp. 67-74.

M. Veteläinen, S. Alexanian, E. Bratberg, L.K. Christensen, **Á. Helgadóttir**, L. Maggioni, M. Philipp, K. Richards, O. Savolainen, J. Weibull, F.-E. Wielgolaski and S. Wright 2007. Genetic resources from the north and environmental changes (Abstract). *18th EUCARPIA Genetic Resources Section Meeting 23-26 May 2007*, Piest'any, Slovak Republic, p. 171.

Quality Legume-Based Forage Systems for Contrasting Environments 2007. *Proceedings of the COST 852 Final Meeting Gumpenstein, Austria, 30 August-3 September 2006*. E. Pötsch and **Á. Helgadóttir** (eds).

M. Veteläinen, **Á. Helgadóttir** and J. Weibull, compilers 2007. Climatic change and genetic resources in northern Europe. *Report of a Workshop 18-19 September, Rovaniemi, Finland*. *Biodiversity International, Rome, Italy*, 36 pp.

Haraldur Ólafsson, **Áslaug Helgadóttir**, Aðalsteinn Sigurgeirsson, **Jónatan Hermannsson** og Ólafur Rögnvaldsson 2007. Líkleg þróun veðurfars á Íslandi með tilliti til ræktunar. *Fræðing landbúnaðarins 4*, 29-36.

Berglind Orradóttir og **Ólafur Arnalds** 2007. Ísig - áhrif landgræðslu og árstíma. *Fræðing landbúnaðarins 4*, 513-515.

Bjarni E. Guðleifsson og **Bjarni Diðrik Sigurðsson** 2007. Áhrif skógræktar á ánamaðkasamfélagið. *Fræðing landbúnaðarins 4*, 425-429.

Bjarni E. Guðleifsson 2007. Smádýralíf í kornökum. *Fræðing landbúnaðarins 4*, 559-563.

Bjarni E. Guðleifsson 2007. Winter damages of cultivated crops and alpine plants - Impact of climate change. 8th International Plant Cold Hardiness Seminar. *Plant Cold Hardiness from the Laboratory to the Field. August 3rd - 9th, 2007. Saskatoon & Waskesiu, Saskatschewan, Canada*, p. 27.

Asrun Elmarsdóttir, **Bjarni D. Sigurdsson**, Borgthor Magnusson, **Bjarni E. Gudleifsson**, Edda S. Oddsdóttir, Erling Olafsson, Gudmundur Halldórsson, Gudridur Gyda Eyjolfssdóttir, Kristinn H. Skarphedinsson, Maria Ingimarsdóttir and Olafur K. Nielsen 2007. Age-related dynamics in biodiversity and carbon cycling of Icelandic woodlands (ICEWOODS): Experimental set-up and site descriptions. In: G. Halldórsson, E.S. Oddsdóttir and O. Eggertsson (eds). *Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development. TemaNord 508*, 100-107.

Per Gundersen, Jan Weslien, **Bjarni D. Sigurdsson**, Magne Sætersdal, Leena Finér and Ingeborg Callesen 2007. The objectives of the research network “Centre of Advanced Research on Environmental Services” (CAR-ES). In: G. Halldórsson, E.S. Oddsdóttir and O. Eggertsson (eds). *Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development. TemaNord 508*, 126-131.

Salim Belyazid, **Bjarni Sigurdsson**, Hörður Haraldsson and Harald Sverdrup 2007. Adapting the ForSAFE model to simulate changes in the ground vegetation after afforestation in Iceland: A feasibility study. In: G. Halldórsson, E.S. Oddsdóttir and O. Eggertsson (eds). *Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development. TemaNord 508*, 78-84.

Anna Arneberg, Per Holm Nygaard, Odd Egil Stabbetorp, **Bjarni D. Sigurdsson** and Edda Oddsdóttir 2007. Afforestation effects on decomposition and vegetation in Iceland. In: G. Halldórsson, E.S. Oddsdóttir and O. Eggertsson (eds). *Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development. TemaNord 508*, 75-80.

Brynhildur Bjarnadóttir and **Bjarni D. Sigurdsson** 2007. Eddy flux measurements over a young *Larix sibirica* stand in eastern Iceland: measurements and initial results. In: G. Halldórsson E.S. Oddsdóttir and O. Eggertsson (eds). *Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development. TemaNord 508*, 89-95.

Bjarni D. Sigurdsson, Arnor Snorrason, Bjarki Þór Kjartansson and Jon A. Jonsson 2007. Total area of planted forests in Iceland and their carbon stocks and fluxes. In: G. Halldórsson, E.S. Oddsdóttir and O. Eggertsson (eds). *Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development. TemaNord 508*, 211-217.

Starri Heiðmarsson, **Bjarni D. Sigurðsson** and Hálfán Björnsson 2007. *Monitoring plant succession and climate change on Nunataks in the Vatnajökull ice sheet*. Abstract and talk given at the 37th International Arctic Workshop, Skaftafell, Iceland. 2-5 May 2007. The Earth Science Institute, University of Iceland, bls. 113.

Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon og **Bjarni D. Sigurðsson** 2007. Gróðurfarsbreytingar í kjölfar skógræktar - Samanburður á birki- og barrskógum. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 166-173.

Brynhildur Bjarnadóttir og **Bjarni D. Sigurðsson** 2007. Kolefnisbinding með nýskógrækt. Nýjustu rannsóknaniðurstöður. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 139-145.

Jón Á. Jónsson, **Bjarni D. Sigurðsson** og Michael Freeman 2007. *SKÓG-KOL. Áhrif skógræktaraðgerða á viðarvöxt og flæði kolefnis í asparskógi*. Lokaskýrsla til Rannsóknasjóðs, mars 2007, 13 bls.

Elsa Albertsdóttir 2007. *Genetic Analysis of competition traits in Icelandic horses* (Licentiate thesis). Publication nr 145. ISBN 978-91-576-7195-0. SLU Service/Repro, Uppsala 2007.

Elsa Albertsdóttir 2007. Ný gagnaveita í kynbótamat hrossaræktar. Í: Íslensk búfjárrækt. Málsstofa til heiðurs Hjalta Gestssyni níræðum, Hótel Sögu, Reykjavík 17. nóvember 2006. *Rit LbhÍ 14*, 103-104.

Elsa Albertsdóttir, S. Eriksson, A. Näsholm, E. Strandberg and **Þorvaldur Árnason** 2007. Exploring the possibility to include competition traits in the genetic evaluation of Icelandic horses. 58th annual meeting of EAAP, Dublin, Ireland. (Book of Abstracts No 13 pp 152).

Tastle, W.J., **Emil Bóasson**, and M.J. Wierman 2007. Assessing Team Performance in Information Systems Projects, Proceedings of ISECON 2007, v 24 (Pittsburgh): §2344. ISSN: 1542-7382, 8 p.

Vigdís Boasson and **Emil Bóasson** 2007. Firm Value and Innovation Clusters, The Alfred P Sloan Industry Studies Midwest Regional Meeting, Chicago, October 19, 2007, 23 p.

Vigdís Boasson, **Emil Bóasson** and Alan MacPherson (2007). Knowledge Assets, Geographic Proximity, and Market Value, 2007 North American Meetings of the Regional Science Association International 54th Annual Conference, Savannah, GA, November 2007.

Emma Eypórsdóttir 2007. Rannsóknir á erfðafjölbreytileika og verndunargildi sauðfjár- og nautgripakynja í Norður Evrópu. *Fræðaping landbúnaðarins*, 4, 112-120.

Emma Eypórsdóttir, **Jóhannes Sveinbjörnsson** og Guðjón Þorkelsson 2007. Gæðamælingar á lambakjöti- erfða- og umhverfisáhrif. Íslensk búfjárrækt- málsstofa til heiðurs Hjalta Gestssyni níræðum. *Fjölrit LbhÍ 14*, 71-82

Daði Már Kristófersson, **Emma Eypórsdóttir**, Grétar Hrafn Harðarson og Magnús B. Jónsson 2007. Innflutningur nýs kúakyns / Verndun íslenska kúakynsins. Íslensk búfjárrækt. Málsstofa til heiðurs Hjalta Gestssyni níræðum, Hótel Sögu, Reykjavík, 17. nóv. 2006. *Rit LbhÍ 14*, 47-54.

Daði Már Kristófersson, **Emma Eypórsdóttir**, **Grétar Hrafn Harðarson** og **Magnús B. Jónsson** (2007). Samanburður á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu með íslenskum kúm og fjórum erlendum kúakynjum – niðurstöður starfshóps. *Rit LbhÍ nr. 15*. 39 bls. + viðaukar.

Jón Viðar Jónmundsson, **Emma Eypórsdóttir**, **Magnús B. Jónsson** og Baldur H. Benjamínsson 2007. Heimsráðstefna um búfjárerfðafræði og búfjárekynbætur í Brasilíu. *Fræðaping landbúnaðarins*, 4, 112-120.

Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, Jón Viðar Jónmundsson, Sigurgeir Þorgeirsson og **Emma Eypórsdóttir** 2007. Kjötgæði, árangur í ræktun. Í: Íslensk búfjárrækt. Málsstofa til heiðurs Hjalta Gestssyni níræðum, Hótel Sögu, Reykjavík, 17. nóv. 2006. *Rit LbhÍ nr. 14*, 63-72.

Fanney Ósk Gísladóttir, Sigmar Metúsalemsson og **Hlynur Óskarsson** 2007. Áhrifsvæði skurða: Greining með fjarkönnunaraðferðum. *Fræðaping landbúnaðarins* 4, 371-376.

Fanney Ósk Gísladóttir, Hlynur Óskarsson, Jón Guðmundsson og Sigmar Metúsalemsson. *Verkferill fyrir gagnasöfnun í mörkinni fyrir landnýtingargagnagrunn*. Áfangaskýrsla. ágúst 2007. Landbúnaðarháskóli Íslands. 18 bls.

Jóhanna Skúladóttir Ólafs og **Grétar Hrafn Harðarson** 2007. Áhrif aðbúnaðar, mjaltatækni og júgurheilbrigðis á fjölda og tegundir gerla í innleggsmjólk. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 377-383.

Grétar H. Harðarson, Eiríkur Þórkelsson og **Jóhannes Sveinbjörnsson** 2007. Uppeldi kálfa. Áhrif kjarnfóðurs með mismiklu tréni á vöxt og heilbrigði kálfa. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 234-239.

Guðni Þorvaldsson 2007. Nýting haustáburðar til sprettu. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 295-300.

Molteberg B., T.S. Aamlid, **Guðni Þorvaldsson**, A. Hammarlund, F. Enger, T. Espevig, Å. Susort and D. Nord 2007. Evaluation of turfgrass varieties for use on Scandinavian putting greens, 2007-2010. Results from the sowing year 2007. *Bioforsk Report* Vol. 2 no. 159, 2007, 28 bls.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og **Jón Hallsteinn Hallsson** 2007. Uppruni íslenska hestsins. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 97-103.

Anna Sif Ingimarsdóttir, Arna Dögg Arnardóttir, Bragi Bergsson, Halldóra Guðbjörg Sigtryggisdóttir, **Helena Guttormsdóttir**, Helga Íris Ingólfssdóttir, Helga Þuríður Magnúsdóttir, Heiða Hrund Jack, Helgi Einarsson, Lilja Filippusdóttir, María Guðbjörg Jóhannsdóttir og **Sigríður Kristjánsdóttir** 2007. Námsferð til Rómar. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 535-539.

Hólmgeir Björnsson, Guðni Þorvaldsson og **Þorsteinn Guðmundsson** 2007. Áhrif P- og K áburðar á reitum sem fengu mismikinn áburð í 55 ár. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 394-398.

Hólmgeir Björnsson, Þorsteinn Guðmundsson and **Guðni Þorvaldsson** 2007. Long- and short-term effects of P and K fertilizer applications to grassland on a Gleyic Histic Andosol. Í: S. De Neve, J. Salomez, A. Van Den Bossche, S. Haneklaus, O. Van Cleemput, G. Hofman and E. Schnug (eds). *Mineral versus organic fertilization conflict or synergism? 16th International Symposium of the International Scientific Centre of Fertilizers (CIEC) 16-19 September 2007 Ghent, Belgium: 88-94.*

Ingibjörg Svala Jónsdóttir 2007. Þróunarverkefni um landgræðsluskóla. *Fræðaðing landbúnaðarins, 4*, 615-618.

Járngerður Grétarsdóttir og **Jón Guðmundsson** 2007. Skammtímaáhrif sinubruna á Mýrum 2006 á gróðurfar og uppskeru. *Fræðaðing Landbúnaðarins 4*, 332-340.

Jóhannes Sveinbjörnsson 2007. Effects of various feeding strategies upon utilization of nutrients from red clover-silage based diets – a simulation study. P. 133-136 in: *Quality legume-based forage systems for contrasting environments. Final meeting 30th August – 3th September 2006*, Gumpenstein, Austria. Edited by Á. Helgadóttir and E.M. Pötsch.

Jóhannes Sveinbjörnsson 2007. Nýting belgjurta til fóðurs við íslenskar aðstæður. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 240-244.

Jóhannes Sveinbjörnsson og **Emma Eypórsdóttir** 2007. Hagkvæmni ólíkra framleiðslukerfa í sauðfjárrækt-dreifing sláturtíma. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 227-233.

Pórey Bjarnadóttir, **Jóhannes Sveinbjörnsson** og **Emma Eypórsdóttir** 2007. Sumarheit sauðfjár á ræktuðu landi og fódurrepju. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 245-252.

Pórarinn Lárusson og **Jóhannes Sveinbjörnsson** 2007. Heykögglar fyrir sláturlömbniðurstöður tilrauna. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 253-260.

Árni Jósteinsson, Berglind Viktorsdóttir, G. Ágúst Pétursson, Guðmundur Guðmundsson, Laufey Haraldsdóttir, **Laufey Steingrimsdóttir**, Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir, Sigurður Steingrímsson 2007. *Beint frá býli. Heimavinnsla og sala afurða*. Útg. Beint frá býli, samstarfshópur, Akureyri.

Magnús B. Jónsson, Jón Viðar Jónmundsson og **Þorvaldur Kristjánsson** 2007. Ræktunarstarf í litlum erfðahópum. Í: Íslensk búfjárrækt- málstofa til heiðurs Hjalta Gestssyni níræðum. *Fjölrit LbhÍ nr. 14*, 33-46.

Ólafur Arnalds 2007. Er "Núll losun" gróðurhúsalofttegunda möguleg á Íslandi? *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 461-465.

Ólafur Arnalds 2007. Umhverfisstyrkir. Nýjar leiðir í stuðningi við dreifbýli og landbúnað. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 597-601.

Ólafur Arnalds 2007. Soils and the Living Earth. *International Forum Soils, Society & Global Change*. Pp 8. Soil Conservation Service Iceland.

Ólafur Arnalds og Hlynur Óskarsson 2007. Jarðvegur á vatnasviðum höfuðborgarsvæðisins. *Vötn og vatnasvið á höfuðborgarsvæðinu - ástand og horfur 2007*, 43-46. Veiðimálastofnun, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Líffræðistofnun Háskólans og Jarðvísindastofnun Háskólans.

Björn Traustason, **Ólafur Arnalds**, **Fanney Ósk Gísladóttir** og Sigmar Metúsalemsson 2007. Hlutdeild gróins lands á Íslandi. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 504-508.

Gunnar Bjarnason, M. Nieminen, Lis Mortensen, K. Guðmundsóttir Motzfeldt, **Ó. Arnalds**, S. Schanche, og S. Sohlberg 2007. *At læse landskabet*. Bæredygtig græsning af udmarker. (Danish). Norden, Nordisk Ministerraad, Partly based on: "Að lesa landið".

Gunnar Bjarnason, M. Nieminen, Lis Mortensen, K. Guðmundsóttir Motzfeldt, **Ó. Arnalds**, S. Schanche, og S. Sohlberg 2007. *At lesa landið*. Burðardygt hagabít. (Faroese). Norden, Nordisk Ministerraad, Partly based on: "Að lesa landið".

Rannveig Guicharnaud 2007. Áhrif hitastigs á lífmassa og örveruvirkni landbúnaðarjarðvegs. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 283-286.

Rannveig Guicharnaud 2007. Temporal and Spacial Variation of Microbial Activity in Icelandic Soils. *160th meeting of the Society for general microbiology. Environmental Microbiology Group with the British Society for Soil Science and the British Mycological Society. Soil microbiology: revisiting the past and developing the future Mars 2007*, Manchester.

Samson B. Harðarson 2007. Klausturgarðar til lækningar líkama og sálar. Hrafnkell Lárusson (ed). *Rit söguþings 2006*. (in press).

Samson B. Harðarson 2007. Tré og runnar í borgarumhverfi. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 587-589.

Samson B. Harðarson og Helgi Þórsson 2007. Varðveisla yrkja ávaxta- og berjastofna í Kristnesi. *Fræðaging landbúnaðarins 4*, 608-609.

Sigríður Dalmannsdóttir, Þórey Gylfadóttir, Þórdís A. Kristjánsdóttir and Áslaug Helgadóttir 2007. Estimate of N-fixation in selected plots of the COST 852 common experiment in Iceland. In: Quality Legume-Based Forage Systems for Contrasting Environments. *Proceedings of the COST 852 Final Meeting Gumpenstein, Austria, 30 August-3 September 2006*. E. Pötsch and Á. Helgadóttir (ed), pp. 55-58.

Sigríður Dalmannsdóttir, Þórey Ólöf Gylfadóttir, Þórdís Anna Kristjánsdóttir og Áslaug Helgadóttir 2007. Niturbinding smára, mælingar með 15N aðferð. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 540-543.

Sigríður Kristjánsdóttir 2007. Þverfagleg samvinna við skipulagsgerð. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 92-94.

Jens Hansen- Möller, **Tryggvi Eiríksson**, Liv Thorunn Mydland, Tarja Kousa and **Arngrímur Thorlacius** 2007. *The NJF proficiency test on analytical methods for feedstuff. NJF 23 Congress Copenhagen June 2007*.

Úlfur Óskarsson 2007. Aðstæður í uppeldi ráða svepprótamyndun og lífslíkum gróðursettra birkiplantna. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 359-363.

Margrét Lilja Magnúsdóttir, Þorbergur Hjalti Jónsson, **Úlfur Óskarsson**, Hreinn Óskarsson 2007. Glycinebetaine – efni til að auka gæði trjáplantna? *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 476-478.

Þórey Ólöf Gylfadóttir, Áslaug Helgadóttir og Henning Høgh-Jensen 2007. Flutningur á nitri milli hvítsmára og vallarsveifgrass. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 470-474.

Þorsteinn Guðmundsson 2007. Stocks of soil organic C in Icelandic Andosols and Histosols. In: T. Simon (ed). *Practical solutions IV for Managing Optimum C and N Contents in Agricultural Soils. International Workshop Prag 20 til 22 júní 2007, Book of Abstracts. Page 22*.

Þorsteinn Guðmundsson, Hólmgeir Björnsson og **Guðni Þorvaldsson** 2007. Langtíma-tilraunir í jarðrækt, hlutverk og dæmi um áhrif N-áburðar á auðleyst næringarefni. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 287-294.

Þorsteinn Guðmundsson, Hólmgeir Björnsson og **Guðni Þorvaldsson** 2007. The effect of mineral N-fertiliser on soluble nutrients in long term experiments on Icelandic Andosols under permanent grassland. *Mitteilungen der Deutschen Bodenkundlichen Gesellschaft 110/Heft 1*, 349-350.

Sigurður Þór Guðmundsson og **Þorsteinn Guðmundsson** 2007. Binding fosfórs í jarðvegi. *Fræðaðing landbúnaðarins 4*, 446-449.

Þorvaldur Árnason and Jón Viðar Jónmundsson 2007. Multiple trait genetic evaluation of ewe traits in Icelandic sheep. *58th annual meeting of EAAP, Dublin, Ireland. Book of Abstracts No 13*, pp 244.

Þorvaldur Árnason 2007. Prediction of genotype probabilities at eight coat colour loci in the Icelandic horse in mate selection. *58th annual meeting of EAAP, Dublin, Ireland. Book of Abstracts No 13*, pp 155.

Fræðsluefni fyrir nemendur og/eða almenning

Ásdís Helga Bjarnadóttir 2007. Norrænt rannsóknaverkefni til að kynna aðalbláber á aðlþjóðlegum mörkuðum. *Fréttavefur Landbúnaðarháskóla Íslands*, www.lbhi.is 12.12.2007.

Ásdís Helga Bjarnadóttir 2007. Góð aðsókn að endurmenntunarnámskeiðum LbhÍ. *Skessuhorn* 27. nóvember 2007.

Bjarni E. Guðleifsson 2007. Náttúruskoðarinn III. Úr steinaríkinu. Bókaútgáfan Hólar. 184 bls.

Bjarni E. Guðleifsson 2007. Aukin lífræn framleiðsla. *Bændablaðið* 4. desember 2007. bls 29.

Bjarni D. Sigurðsson 2007. Europas skogfattigaste land - Island. *Skogshistoriska tidender*, 13(2), 4-5.

Bjarni D. Sigurðsson 2007. Vínandaskógrækt - er það framtíðin? *Laufblaðið*, 16(3), 4-5.

Bjarni D. Sigurðsson 2007. Ritfregn. Hallormsstaður í skógum. Náttúra og saga höfuðbóls og þjóðskógar. Hjörleifur Guttormsson og Sigurður Blöndal, Mál og menning, Reykjavík 2005. *Náttúrufræðingurinn* 75(2-4), 140-141.

Guðni Þorvaldsson 2007. Hversu seint má slá tún að hausti? *Handbók bænda* 57, 54.

Póroddur Sveinsson 2007. Starfsemin á Möðruvöllum 2006. *Ársskýrsla Búnaðarsambands Eyjafjarðar, Búnaðarsambands Suður-Pingeyinga og Búnaðarsambands Norður-Pingeyinga* 2006, 124 -132.

Fyrirlestrar og erindi

Anna Guðrún Þórhallsdóttir 2007. Keynote lecture: *History of sheep grazing in Iceland. Sustainable management of sheep grazing in the North-Atlantic region.* Trondheim 15.-17. October 2007. *Seminar organized by – NTNU, Vitenskapsmuseet*, Trondheim, Norway.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir 2007. Keynote lecture: Rotational grazing with sheep and horses. Sustainable management of sheep grazing in the North-Atlantic region. Trondheim 15.-17. October 2007. *Seminar organized by – NTNU, Vitenskapsmuseet*, Trondheim, Norway.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir 2007. Keynote lecture: Plant and habitat selection of Icelandic sheep. Sustainable management of sheep grazing in the North-Atlantic region. Trondheim 15.-17. October 2007. *Seminar organized by – NTNU, Vitenskapsmuseet*, Trondheim, Norway.

Ásdís Helga Bjarnadóttir 2007. Erindi á ráðstefnunni „Áhrif og ávinningur af evrópsku menntasamstarfi” á vegum Landsskrifstofu Menntaáætlunar ESB, í Kennaraháskóla Íslands 4.12.2007 frá 10:00-14:45. Erindi er féll undir reynslusögur þátttakenda – *Leonardoverkefnið Building bridges*, 4 bls.

Áslaug Helgadóttir 2007. *Viðhorf Landbúnaðarháskóla Íslands til ráðgjafabjónustu. Flutt á fundi á vegum Bændasamtaka Íslands um framtíð ráðgjafabjónustunnar*, Bændahöllinni, 14. febrúar, 2007.

Áslaug Helgadóttir og **Guðni Porvaldsson** 2007. Eru lífrænt ræktuð matvæli það eina rétta? *Erindi flutt á fræðslufundi Sesseljuhúss og Landverndar í Sesseljuhúsi, Sólheimum 9. maí 2007.*

Áslaug Helgadóttir og **Laufey Steingrímsdóttir** 2007. Matvælarannsóknir við LbhÍ og Matís á tímamótum – Hvar liggja tækifærin til samstarfs? *Erindi flutt hjá Matís, 11. apríl 2007.*

Áslaug Helgadóttir og Gunnar Stefánsson 2007. Náttúruauðlindir, umhverfi og sjálfbær nýting. *Erindi flutt á Rannsóknáþingi 2007, Hvatningarverðlaun í 20 ár – Framtíðarsýn 2020, 6. júní 2007.*

Berglind Orradóttir 2007. Rannsóknir á vatnsbúskap á Suðurlandi. *Erindi flutt á ráðstefnunni Sunnlensk þekking, Gunnarsholti 25. maí 2007.*

Járngerður Grétarsdóttir 2007. Skammtímaáhrif sinubruna á Mýrum á gróður. *Hið Íslenska Náttúrufræðifélag, Reykjavík 29. okt. 2007.*

Járngerður Grétarsdóttir 2007. Skammtímaáhrif sinubruna á Mýrum 2006 á gróðurfur og uppskeru. *Lionsklúbbur Borgarnes og sveitarfélagið Borgarbyggð, Lyngbrekku á Mýrum, 28. mars 2007.*

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor, brautarstjóri
Arngrímur Thorlacius	Dósent
Auður Sveinsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Ágúst Sigurðsson	Rektor
Álfheiður B Marinósdóttir	Kennslustjóri
Árni Brynjar Bragason	Kennari
Ása Dóra Finnbogadóttir	Ræstitæknir
Ása Lovísa Aradóttir	Prófessor
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Lektor
Ásgeir Jónsson	Umsjónarmaður fasteigna
Áskell Þórisson	Forstöðumaður útgáfumála
Áslaug Helgadóttir	Prófessor, aðstoðarrektor rannsóknamála og deildarforseti
Ásta Borg Jóhannsdóttir	Ræstitæknir
Beatrix Erler	Sérfræðingur
Berglind Orradóttir	Sérfræðingur
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Prófessor, brautarstjóri
Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	Prófessor
Bjarni Guðmundsson	Prófessor
Björg María Þórsdóttir	Starfsmaður bús
Björgvin Örn Eggertsson	Verkefnisstjóri
Björn Kristjánsson	Rekstrarstjóri fasteigna
Björn Þorsteinsson	Prófessor, aðstoðarrektor kennslumála
Bragi Líndal Ólafsson	Sérfræðingur
Brita Kristina Berglund	Sérfræðingur
Bryndís Haraldsdóttir	Ræstitæknir
Dagný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Edda Þorvaldsdóttir	Kennari
Elisabeth Jansen	Mastersnemi
Elín Björk Jónasdóttir	Sérfræðingur
Elísabet Axelsdóttir	Rannsóknamaður
Elsa Albertsdóttir	Doktorsnemi
Emma Eyþórsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Emma Heiðrún Birgisdóttir	Rannsóknamaður
Eva Ritter	Dósent
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson	Sérfræðingur
Fanney Ósk Gísladóttir	Sérfræðingur
Gauti Lövvström	Tölvumaður
Grétar Einarsson	Lektor
Grétar Hrafn Harðarson	Lektor
Guðjón Helgi Þorvaldsson	Kerfisstjóri
Guðmundur Hallgrímsson	Staðarráðsmaður
Guðni Þorvaldsson	Dósent
Guðríður Helgadóttir	Forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Lárusdóttir	Endurmenntunarstjóri

Nafn	Starfsheiti
Guðrún Þórðardóttir	Bókasafnsfræðingur
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir	Doktorsnemi
Hafdís Rut Pétursdóttir	Launafulltrúi
Halldór Sverrisson	Lektor
Haukur Þórðarson	Kennari
Helena Guttormsdóttir	Kennari
Helena Marta Stefánsdóttir	Mastersnemi
Helgi Björn Ólafsson	Kennari
Hjalti Steinþórsson	Kennari
Hjörtur Hjartarson	Kerfisfræðingur
Hlynur Óskarsson	Sérfræðingur
Holger Markus Hansen	Sérfræðingur
Ingibjörg Garðarsdóttir	Deildarfulltrúi
Ingibjörg Svala Jónsdóttir	Prófessor, forstöðumaður landgræðsluskólans
Ísabella Lárusdóttir	Ræstitæknir
Ísgeir Aron Hauksson	Starfsmaður bús
Járngerður Grétarsdóttir	Lektor
Jófríður Leifsdóttir	Rannsóknamaður
Jóhannes Sveinbjörnsson	Dósent
Jóhannes Þór Ellertsson	Kennari
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Hallsteinn Hallsson	Lektor
Jón Kristófer Arnarson	Kennari
Jón Trausti Steingrímsson	Sérfræðingur
Jónatan Hermannsson	Lektor
Júlfana Rannveig Einarsdóttir	Námsbrautarstjóri
Kristín Siemsen	Bókari
Kristín Theodóra Ragnarsdóttir	Skrifstofustjóri
Laufey Steingrímsdóttir	Prófessor
Lárus Stefán Ingibergsson	Umsjónarmaður fasteigna
Mads Stub Joergensen	Starfsmaður bús
Magnús Jónsson	Lektor
Margot Johanna Backx	Sérfræðingur
Margrét Ágústa Jónsdóttir	Deildarfulltrúi
Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir	Mastersnemi
Oddbjörg Leifsdóttir	Ræstitæknir
Oddný Sólveig Jónsdóttir	Fulltrúi
Ólafur Gestur Arnalds	Prófessor, deildarforseti
Ólafur Helgi Haraldsson	Tölvumaður
Ragnar Christiansen	Garðyrkjufraeðingur
Ragnar Frank Kristjánsson	Lektor
Ragnhildur Sigurðardóttir	Lektor
Rannveig Anna Guicharnaud	Lektor
Reynir Aðalsteinsson	Kennari
Ríkharð Brynjólfsson	Prófessor
Robert Ingvar Rosenberg	Sérfræðingur

Nafn	Starfsheiti
Samson Bjarnar Harðarson	Lektor
Sara Elíasdóttir	Fulltrúi
Sara Hrönn Viðarsdóttir	Starfsmaður bús
Sigmar Metúsalemsson	Sérfræðingur
Sigríður Dalmannsdóttir	Lektor
Sigríður Kristjánsdóttir	Lektor
Sigtryggur Björnsson	Kennari
Sigvaldi Jónsson	Starfsmaður bús
Sindri Gíslason	Starfsmaður bús
Snorri Sigurðsson	Forstöðumaður búrekstrar
Steinunn Sigríður Ingólfssdóttir	Bókasafnsfræðingur
Stephanie Nindel	Kennari
Svala Sigurgeirsdóttir	Sérfræðingur
Svava Bjarnadóttir	Ræstitæknir
Svava Sjöfn Kristjánsdóttir	Fulltrúi
Sveinbjörg Brynja Jónsdóttir	Matráður
Sverrir Heiðar Júlíusson	Námsbrautarstjóri
Særún Hlín Kristinsdóttir	Ræstitæknir
Tryggvi Eiríksson	Sérfræðingur
Tryggvi Gunnarsson	Sérfræðingur
Tryggvi Marinósson	Garðyrkjustjóri
Tryggvi Sturla Stefánsson	Mastersnemi
Úlfur Óskarsson	Lektor
Védís Guðjónsdóttir	Rannsóknamaður
Vigdís Guðjónsdóttir	Tölvuumsjónarmaður
Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir	Alþjóðafulltrúi
Þorkell Jóhannes Traustason	Ræstitæknir
Þorkell Þórðarson	Starfsmaður bús
Þorsteinn Guðmundsson	Prófessor
Þorvaldur Árnason	Prófessor
Þorvaldur Kristjánsson	Sérfræðingur
Þorvaldur Tómas Jónsson	Rekstrarstjóri
Þórdís Anna Kristjánsdóttir	Sérfræðingur
Þórey Ólöf Gylfadóttir	Sérfræðingur
Þóroddur Sveinsson	Lektor
Þórunn Edda Bjarnadóttir	Deildarfulltrúi

Brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands 1. júní 2007

Ávarp rektors

Ráðherra landbúnaðarmála, útskriftarnemar og fjölskyldur, starfsfólk, aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar útskriftarhátíðar en þetta er þriðja vorið sem nemendur eru brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

„Lífið er fullt af verðmætum, háum og lágum, sýnilegum og ósýnilegum, mælanlegum og ómælanlegum. Til eru svonefndar lífsnauðsynjar, sem enginn maður má án vera, eldur, vatn, loft og jörð, klæði, skæði, fæði, hús og heimili, og mætti ef til vill nefna þetta frummæti mannlegs lífs. Þá eru til svonefnd veraldargæði, svo sem nautnir, auður, völd og metorð, er menn að vísu geta án verið, en eru oft og einatt svo sólgnir í, að þeir leggja jafnvel líf og heiður í sölurnar fyrir þau. En svo eru til fjöldi annarra verðmæta, ósýnileg og jafnvel ómælanleg, er menn koma síður auga á, persónuleg verðmæti, listræn og andleg verðmæti, félagsleg, siðferðileg og trúarleg verðmæti, er sumir telja öllu æðra og ein þess verð, að lífinu sé lifað fyrir þau.“

Svo mælti Ágúst H. Bjarnason heimspekiþrófessor í erindi sem hann flutti fyrir hartnær 70 árum þar sem hann velti fyrir sér tilgangi lífsins og hann nefndi „*Um verðmæti mannlegs lífs*“.

Í þessum innihaldsríka texta nafna míns kemur glögglega í ljós hve flókið lífið í rauninni er og þarfir okkar mannfólksins margslungnar til þess að við njótum okkar til fulls. Í texta heimspekiþrófessorsins eru hin miklu verðmæti sem felast í þekkingu og vísindastarfsemi sérstaklega sett í kastljósið og bent á hinar gríðarlegu framfarir síðustu aldar þess til vitnis. Við vitum öll hvaða bylting hefur síðar orðið á flestum sviðum mannlífsins frá því þessi orð voru mælt. Það undirstrikar enn og aftur hin miklu hlutfallslegu verðmæti sem liggja í þekkingu. Síðan, er að kunna að spila úr þeim verðmætum – það er kúnstin!

Í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar kemur mjög skýrt fram það markmið að efla allt menntakerfi þjóðarinnar en þar er meðal annars dregin upp sú framtíðarsýn að hagvöxtur og framfarir komandi ára muni knýjast fram af menntun, vísindum og rannsóknum. Gæði náms, sveigjanleiki og fjölbreytni í námsframboði verði haft að leiðarljósi. Þessi markmið hinnar nýju ríkisstjórnar eru háleit og mikilvæg og við hjá Landbúnaðarháskóla Íslands erum svo sannarlega tilbúin að leggjast á árarnar til að stuðla að þessu. Mikil undirbúningsvinna hefur farið fram innan menntamálaráðuneytis hvað varðar starfsmenntanám og að því verði gert hærra undir höfði þannig að bóknám og starfsnám verði lagt að jöfnu til stúdentsprófs. Þetta skiptir miklu máli fyrir það starfsmenntanám sem við fóstrum innan okkar vébanda þ.e. búfræði og garðyrkju og hlýtur að vera hinn eðlilegi farvegur þegar til framtíðar er litið.

Í stjórnarsáttmálanum er stefnt að því að færa til verkefni innan stjórnarráðsins og meðal annars rætt um að flytja menntastofnanir landbúnaðarins undir ráðuneyti menntamála. Þessi fyrirætlun hugnast okkur hjá LbhÍ vel og við teljum að það sé fullkomlega eðlilegt að flokka allar íslenskar menntastofnanir undir sama fagráðuneyti. Við vitum að hvað skólastarfið snertir þá er hér ekki um mjög stóra breytingu að ræða í rauninni heldur fyrst og fremst skipulagslega, er tryggir enn betur en áður sterka innviði skólans faglega. Hitt er annað að það er að mörgu að hyggja áður en þetta getur orðið því tryggja þarf áframhaldandi eflingu á því mikilvæga rannsóknarstarfi sem unnið er innan vébanda háskólans enda höfum við verulega sérstöðu í íslensku menntakerfi þar sem um og yfir 60% starfsemi LbhÍ snýst um rannsóknir.

Rannsóknir sem að stórum hluta eru unnar í miklu samstarfi við atvinnulífið. Gæta þarf að því að þessi miklu tengsl rofni ekki heldur eflist enn frekar enda er það í algjörum samhljómi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um samstarf atvinnulífsins og íslensku háskólanna. Við vitum að Landbúnaðarháskólinn er faglega sterkur á sínum sérsviðum og innviðir traustir og við hlökkum einfaldlega til þess að takast á við þessar breytingar með góðum undirbúningi og í nánu samstarfi við ráðuneyti landbúnaðar-, mennta- og fjármála.

Í stefnuyfirlýsingunni er talað um mikilvægi landbúnaðar- og hágæðaframleiðslu á matvælum í landinu. Þar er einnig minnst á fyrirhugaða vinnu við endurskoðun á hinu svokallaða „landbúnaðarkerfi“ með frelsi í fyrirrúmi en jafnframt áherslu á bætta stöðu bænda og neytenda. Hér er greinilega verk að vinna og mál til komið að fara í allsherjar stefnumótun fyrir matvælaframleiðslu og landbúnað á Íslandi, finna okkar leið í þeim efnum til lengri framtíðar. Landbúnaðarháskóli Íslands er reiðubúinn í slíka vinnu.

Mjög mikilvægt atriði af mörgum góðum á stefnulista nýrrar ríkisstjórnar er síðan sú áhersla sem þar er lögð á umhverfismál - slaginn við m.a. hvers kyns mengun og losun gróðurhúsalofttegunda. Mikil vakning hefur almennt orðið í þessum málaflokki á heimsvísu og er í rauninni óþarfi að rekja það frekar, flestallir hafa vaknað til vitundar um alvarleika málsins.

Þegar kemur að svo stóru vandamáli sem hlýnun andrúmsloftsins af mannavöldum þá gildir að horfa á heildarmyndina og samhengi hlutanna. Ekki er til ein „patent“-lausn á vandanum heldur verður hreinlega að leita allra leiða. Hérna hefur LbhÍ mikilvægu hlutverki að gegna, í gegnum fræðslu og formlega menntun á þeim sviðum sem snerta málaflokkinn og ekki síður með rannsóknum. Til marks um kraftinn í vísindafólki LbhÍ á þessu sviði má nefna nýlega úthlutun úr Umhverfis- og orkusjóði Orkuveitu Reykjavíkur þar sem 5 rannsóknaverkefni á vegum LbhÍ hlutu veglega styrki til verkefna á sviði vistvænna orkugjafa og annarra umhverfismála.

Reyndar hefur vísindafólki LbhÍ almennt gengið vel við öflun rannsóknastyrkja nú á síðustu misserum sem er til marks um hugmyndaauðgi og faglegan slagkraft okkar fólks. Hitt er annað að samkeppnin er gríðarleg um mjög takmarkað fjármagn og nauðsyn ber til að efla rannsóknasjóði og framlög til rannsókna hérlendis – það mun skila sér margfalt til baka.

Starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands er afar blómleg um þessar mundir, nýjar námsbrautir hafa farið vel af stað og má nefna að umhverfisskipulagið, sem nú er að slíta barnsskónum, hefur gengið afar vel og er nú stærsta einstaka námsbraut skólans. Komið hefur í ljós að mikil eftirspurn er eftir fólki til vinnu á sviði landslagsarkitektúrs og skipulagsmála og allir brautskráðir nemendur starfa eða stunda framhaldsnám á sínu fagsviði. Reynslan mun auðvitað endanlega skera úr um hvernig gengur með nýjar námsbrautir okkar á sviði náttúru- og umhverfisfræða, skógfræði og landgræðslu en upphafið lofar góðu og það er sannarlega hátíðleg stund hér í dag þegar m.a. fyrstu íslensku skógfræðingarnir útskrifast.

Nú í vetur var gengið frá skipulagi nýrrar námsbrautar í hrossarækt til BS gráðu sem er samvinnuverkefni okkar og Hólaskóla- Háskólans á Hólum og fer af stað næsta haust. Þarna er um að ræða spennandi námsbraut þar sem nýttur er styrkleiki hvors skóla um sig og lýkur með sameiginilegri BS-gráðu.

Nú á vormánuðum fór fram umfangsmikil vinna við umsókn skólans um viðurkenningu á fræðasviðinu náttúruvísindi. Þetta starf gekk einstaklega vel og ástæða til að hrósa sérstaklega þeim fjölmörgu starfsmönnum og nemendum sem komu að því verki. Hér er um að ræða ferli sem allir íslenskir háskólar munu þurfa að ganga í gegnum fyrir sín fræðasvið en þetta er í

fyrsta sinn sem slík úttekt og viðurkenning fer fram hérlendis. Seinni hluti umsóknarferilsins er síðan í haust en þá verður m.a. gerð úttekt á fræðasviðunum búvísindi og náttúruauðlindir.

Einn mikilvægasti vaxtarbroddurinn í starfi LbhÍ þessi misserin er mikil ásókn í rannsóknatengt nám en kröftugt rannsóknastarf innan skólans er algjör undirstaða þess. Það er afar ánægjulegt að hér í dag útskrifast þriðji meistaraneminn frá auðlindadeild og sá fyrsti á fræðasviði umhverfiseildar. Margar umsóknir liggja fyrir um meistaranám og allar líkur á að meistaranemar verði á fjórða tug á næsta skólaári auk fjögurra doktorsnema. Ánægjulegt er að sjá að þarna er að finna fólk sem er að setjast á skólabeck á ný eftir áralangan feril í atvinnulífínu m.a. við ráðunautastörf. Þetta er nákvæmlega sú þróun sem við viljum sjá til að efla greinina sem mest. Þá hefur endurmenntunardeild skólans verið á miklu flugi og ljóst að þar liggja mikil tækifæri til eflingar skólastarfsins en eftirspurn eftir margs konar fagtingdum námskeiðum er geysileg og hefur nú í vetur verið gengið frá samningum við ýmis félög og samtök um námskeiðahald og samvinnu á sviði símenntunar.

Mikið og gott samstarf er við innlendar fagstofnanir og samtök landbúnaðarins og það er afar brýnt að slík tenging við atvinnulífið haldist sem sterkust. Vaxandi samstarf er við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir en hæst ber þó nú um mundir nýr samningur LbhÍ við Ohio-háskóla um margvíslegt samstarf á sviði kolefnisbindingar og jarðvegsfræða auk gagnkvæmra nemendaskipta. Sá samningur er þegar farinn að virka og gaman að segja frá því að hópur stúdenta og kennara frá Ohio-háskóla er væntanlegur nú í byrjun júní m.a. til að huga að sameiginlegum rannsóknaverkefnum. Þá er undirbúningur fyrir Landgræðsluskóla háskóla sameinuðu þjóðanna í fullum gangi í samvinnu við utanríkisráðuneytið og fleiri aðila en úttektarnefnd frá Háskóla sameinuðu þjóðanna sótti okkur heim nú á vordögum.

Mikill kraftur og gróska er því í starfi skólans og framtíðin björt.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að færa öllum velunnurum skólans góðar kveðjur og þakkir. Það líður vart sú vika vor og sumar að ekki komi í heimsókn hópar fyrrum nemenda, því fylgja skemmtilegir endurfundir og er mikilvægur hluti skólastarfsins í rauninni. Orðsporíð er skólanum mikilvægt enda sýnir tölfræðin okkur að mjög stór hluti þeirra sem innritast í skólann hafa tekið sína ákvörðun að sækja um skólavist að fengnum meðmælum frá fyrri nemendum. Ég vil einnig nota tækifærið og þakka stúdentaráði afar gott samstarf í vetur, öflugt stúdentaráð og félagsstarf nemenda er algjört lyklatríði í góðu skólasamfélagi.

Þá vil ég einnig nota tækifærið og þakka farsælt samstarf við háskólaráð og sérstaklega nefna til sögunnar Hákon Sigurgrímsson sem hefur starfað með því frá upphafi en hefur nú dregið sig í hlé fyrir aldurs sakir.

Brautskráning eru tímamót, stór tímamót fyrir þann sem brautskráist og einnig tímamót í sögu hvers skóla. Við erum afar stolt af þeim hópi sem hér í dag með formlegum hætti lýkur merkum áfanga á sinni skólagöngu, sumir til þess að hella sér beina leið út í atvinnulífið og halda áfram í lífsins skóla aðrir til að hefja nýjan áfanga í formlegri menntun. Ykkur öllum nemendum okkar nú um stund fylgja góðar óskir. Við -starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands- vonum að þau verðmæti í formi þekkingar sem þið hafið nú eignast verði ykkur gott veganesti á lífsins þroskabraut.

Kæru útskriftarnemar - til hamingju með daginn!

Ágúst Sigurðsson